

Ár 1982, þriðjudaginn 19. janúar, var í málinu nr. 27/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að veiðihlunnindi í Haffjarðará eru skráð og metin sérstaklega í fasteignamati. Þau eru í eigu Thors R. Thors, Hamarsgötu 8 á Seltjarnarnesi, Richards Thors, sem býr í Bandaríkjunum, Þórðar Thors, Langholtsvegi 118 A í Reykjavík, Unnar Thors, Bergstaðastræti 84 í Reykjavík, og Jónu Irisar Thors, sem búsett er í Svíþjóð. Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur liggja hvor sínu megin að Haffjarðará og teljast umrædd hlunnindi vera að hálfu leyti í hvorum nefndra hreppa.

Með heimild í 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga var árið 1980 lagður 4% fasteignaskattur á fasteignamat ofangreindra hlunninda í Kolbeinsstaðahreppi og eigendur þeirra krafðir um greiðslu hans af hálfu sveitarsjóðs Kolbeinsstaðahrepps, samtals gkr. 1.569.800,-. Eigendur mótmæltu skattlagningu þessari. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eru mótmæli þeirra í meginatriðum studd þeim rökum, að í skattlagningunni felist mismunur skattborgaranna, sem óheimil sé samkvæmt almennum jafnræðisreglum og alveg sérstaklega 67. gr. stjórnarskrárinnar, að skatturinn sé hærri en svo, að lögmæt og eðlileg skattlagnarsjónarmið geti legið þar til grundvallar og að veiðiréttindi í Haffjarðará geti ekkert talist hlunnindi í skilningi laga nr. 73/1980, þar sem öll núverandi veiði verði rakin til réktunar og friðunar á ánni um langt árabíl.

Telja verður tvímælalaust, að umrædd veiðihlunnindi séuhlunnindi í eigu utansveitarmanna í skilningi lokamálsgreinar 3. gr. laga nr. 73/1980 og áður laga nr. 8/1972. Skattlagning af hálfu Kolbeinsstaðahrepps er innan þeirra marka, sem þar eru sett. Lagareglu þessari hefur ekki verið hnekktt af dómstólum og ber því að leggja hana til grundvallar í máli þessu. Samkvæmt því er niðurstaða málsins sú, að Kolbeinsstaðahreppi hafi verið heimilt að leggja 4% fasteignaskatt á þessi hlunnindi.

Ú R S K U R ð A R O R Ð :

Eigendum ofangreindra hlunninda af Haffjarðará er skylt að svara umræddum 4% fasteignaskatti ársins 1980 til sveitarsjóðs Kolbeinsstaðahrepps.

  
Gaukur Jörundursson.

